



**Einar Jóhannesson** er tvímælaust í hópi okkar fremstu tónlistarmanna og hefur raunar lengi verið lifandi goðsögn í heimi klarinettunnar. Það er mikill heiður fyrir Sinfóníuhljómsveit áhugamanna að fá tækifæri til að flytja með honum Klarinettukonsert Mozarts. Einar lærði hjá Gunnari Egilson í Tónlistarskólanum í Reykjavík og lauk þaðan einleikarprófi árið 1969. Þaðan hélt hann til London og nam við The Royal College of Music hjá Bernard Walton og John McCaw. Eftir nokkurra ára störf í Englandi og Írlandi gekk Einar til liðs við Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur gegnt stöðu leiðara um meira en þriggja áratuga skeið. Hann er einnig félagi í Blásarakvintett Reykjavíkur, Kammersveit Reykjavíkur og sönghópnum Voces Thules. Einar hefur leikið inn á diska fyrir Merlin, BIS og Chandos fyrirtækin. Hann er tíður gestur á tónlistarhátíðum víða um heim og hefur leikið fyrir útvarps og sjónvarpsstöðvar margra landa. Einar hefur frumflutt fjölda verka, sem eru sérstaklega skrifuð fyrir hann, jafnt einleikskonserterna, kammerverk og verk fyrir einleiksklarinettu. Einar hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir tónlistarstörf sín.

Að þessu sinni er **Sinfóníuhljómsveit áhugamanna** þannig skipuð:

**Konsertmeistari:** Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

#### 1. fiðla

Helga Ragnheiður Óskarsdóttir  
Hildigunnur Rúnarsdóttir  
Sigrún Andrésdóttir  
Jónína Þórunn Thorarensen  
Anna von Heynitz  
Rós Pétursdóttir  
Jelena Kuzminova

#### Víola

Páll Ingvarsson  
Sölvi Karlsson  
Paul-William Marti  
Súsanna Friðriksdóttir

#### Selló

Andri Snær Ólafsson  
Anna Jórunn Stefánsdóttir

#### Kontrabassi

Kjartan Guðnason  
Leifur Benediktsson

#### Flauta

Krístur Helga Björnsdóttir  
Karen Erla Karólínudóttir

#### Óbó

Sverrir Guðmundsson  
Guðrún Másdóttir

#### Klarinett

Barclay Anderson  
Jóhann Ingólfsson

#### Fagott

Sigríður Kristjánsdóttir  
Þórður Magnús Tryggvason

#### Horn

Torfi Þór Gunnarsson  
Brynjar Björnsson

#### Harpa

Elísabet Waage

# TÓNLEIKAR

## Sinfóníuhljómsveit áhugamanna ásamt Selkórnum

í Seltjarnarneskirkju  
sunnudaginn 20. maí 2012 kl. 17:00



Einleikur á klarinettu:  
**Einar Jóhannesson**

Selkórinn, kórstjóri :  
**Jón Karl Einarsson**

Stjórnandi:  
**Oliver Kentish**

Aðgangseyrir er kr. 2000, frítt fyrir börn,  
afsláttarverð kr. 1000 fyrir nemendur og eldri borgara.

#### Hljómsveitin þakkar

Seltjarnarneskirkju og Sinfóníuhljómsveit Íslands ómetanlegan stuðning. Hljómsveitin nýtur styrks Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur 2012.



## EFNISSKRÁ:

### Frederick Delius (1862-1934):

„On Hearing the First Cuckoo in Spring“

### Johannes Brahms (1833-1897):

„Nänie“, ópus 82

- HLÉ -

### Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791):

Konsert í A-dúr fyrir klarinettu og hljómsveit K622

*Allegro*

*Adagio*

*Rondo: Allegro*

## UM HÖFUNDA, TÓNVERK OG FLYTJENDUR:

**Frederick Delius** (1862-1934) fæddist í Englandi og ólst þar upp. Foreldrar hans voru hins vegar þýskir og hann bjó lengst af starfsævi sinnar í Frakklandi. Verk hans voru samt lengi lítt þekkt í Frakklandi en urðu vinsæl í Englandi. Þjóðernið er sem sé á reiki, ef til vill er best að kalla hann evrópskt tónskáld. Delius samdi tónlist sem minnir á náttúruleysingar, jafnvel enska sveitasælu. Tónaljóðið „Að heyra fyrsta gauk vorsins“ er eitt af þekktari verkum hans. Það var samið 1912 og er dæmigert fyrir þennan náttúruleysingarstíl. Þar má merkja vormorgun í enskri sveit. Verkið er hins vegar samið í Frakklandi og aðalstefið er fengið að láni úr norsku þjóðlagi.

„Nänie“ ópus 82 eftir **J. Brahms** (1833-1897). Nafn tónverksins Nänie er dregið af latneska orðinu nenia, sem merkir jarðarfara ljóð. Brahms samdi verkið 1881 í minningu vinar síns, Anselm Feuerbach. Ljóðið er eftir Friedrich Schiller. Merking ljóðsins er í megindrattum fólgin í upphafsorðum þess: „Einnig hið fagra hlýtur að deyja“. En eins og tíðkaðist á tímum Schillers er síðan vísað ótæpilega í gríska goðafræði og verður ljóðið illskiljanlegt án staðgóðrar þekkingar í þeim fræðum. Hér eru skýringar sérlega erfiðar því nöfn goðanna eru ekki nefnd beint. Til nánari skýringa á upphafsorðunum er vísað í þrjár sögur: Um Hades, guð dauðans (nefndur Seifur af Stýx, ánni sem hann ferjaði yfir) og hvernig söngvaranum Orfeusi mistókst að frelsa brúði sína, Efridísi, frá honum, um Afróditu og hinn fagra, en deyjandi, elskhuga hennar Adonis, og að lokum um hina ódauðlegu gyðju hafsins, Þetís, sem ekki tókst að bjarga syni sínum, Akkilesi, þeim með hælinn.

Ljóðið er eftirfarandi, á frummálinu, þýsku, og í enskri þýðingu:

Auch das Schöne muß sterben! Das Menschen und Götter bezwinget,  
Nicht die ehene Brust rührt es dem stygischen Zeus.  
Einmal nur erweichte die Liebe den Schattenbeherrscher,  
Und an der Schwelle noch, streng, rief er zurück sein Geschenk.  
Nicht stillt Aphrodite dem schönen Knaben die Wunde,  
Die in den zierlichen Leib grausam der Eber geritzt.  
Nicht errettet den göttlichen Held die unsterbliche Mutter,  
Wann er am skäischen Tor fallend sein Schicksal erfüllt.  
Aber sie steigt aus dem Meer mit allen Töchtern des Nereus,  
Und die Klage hebt an um den verherrlichten Sohn.  
Siehe! Da weinen die Götter, es weinen die Göttinnen alle,  
Daß das Schöne vergeht, daß das Vollkommene stirbt.  
Auch ein Klage lied zu sein im Mund der Geliebten ist herrlich;  
Denn das Gemeine geht klanglos zum Orkus hinab.

Ensk þýðing:

Also Beauty must perish! What gods and humanity conquers,  
Moves not the armored breast of the Stygian Zeus.  
Only once did love come to soften the Lord of the Shadows,  
And at the threshold at last, sternly he took back his gift.  
Nor can Aphrodite assuage the wounds of the youngster,  
That in his delicate form the boar had savagely torn.  
Nor can rescue the hero divine his undying mother,  
When, at the Scaean gate now falling, his fate he fulfills.  
But she ascends from the sea with all the daughters of Nereus,  
And she raises a plaint here for her glorified son.  
See now, the gods, they are weeping, the goddesses all weeping also,  
That the beauteous must fade, that the most perfect one dies.  
But to be a lament on the lips of the loved one is glorious,  
For the prosaic goes toneless to Orcus below.

**Selkórinn** var stofnaður á Seltjarnarnesi árið 1968. Fyrstu árin var kórinn kvennakór, en árið 1976 gengu karlar til liðs við hann. Starf kórsins er fjölbreytt. Hann heldur árlega jóla- og vortónleika og kemur auk þess fram við önnur tækifæri í heimabæ sínum á Seltjarnarnesi. Verkefni hafa verið af ýmsum toga bæði veraldleg og kirkjuleg. Síðasta stóra verkefni kórsins var Messías eftir Händel sem flutt var í desember 2010. Kórinn hefur ferðast víða út fyrir landsteinana, t. d. til Búdapest, Rómar, Santiago di Compostela og Pétursborgar. Í gegnum árin hefur kórinn sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands við nokkur tækifæri en syngur nú með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna í fyrsta skipti. Jón Karl Einarsson hefur stjórnað kórnum frá árinu 1991.